

Minningarorð um fallinn formann

Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur með meiru og fyrrverandi formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, er fallinn frá eftir æðrulausa glímu við krabbamein. Freysteinn lést mánudaginn 29. desember 2008 og fór útför hans fram fimmtudaginn 8. janúar 2009.

Freystinn var einkar fjölfróður maður sem lét sér fátt óviðkomandi sem sneri að náttúru Íslands. Auk umfangsmikils vinnuframlags á sviði íslenskrar vatnajarðfræði, jafnt í ræðu sem riti, tók Freysteinn virkan þátt í félagsmálum á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Freysteini var í mun að fræða almenning ekki síður en sérfræðinga. Hann trúði því einlæglega að með þekkinguna að vopni væri unnt að auka skilning fólks á gangvirki náttúrunnar og verðmætum.

Meðal markmiða Hins íslenska náttúrufræðifélags, sem stofnað var 1889, er að efla íslensk náttúruvísindi, glæða áhuga og þekkingu manna á náttúrufræði og vinna að eflingu náttúruverndar. Þessi markmið féllu vel að áhugasviði Freysteins. Freysteinn var ávallt boðinn og búinn að leggja sitt af mörkum fyrir málstað félagsins, einkanlega þann tíma sem hann gegndi starfi formanns á árabílinu 1990–2002, eða samfleytt í 12 ár. Á aðalfundi félagsins 26. febrúar 2005 var Freysteinn gerður að heiðursfélaga Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags vill fyrir hönd félagsins þakka Freysteini fyrir mikilvert og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Fjölskyldu Freysteins eru færðar innilegar samúðarkveðjur.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur
Sími: 570 0430
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: www.hin.is
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



Félagsbréf

1. tölublað

Janúar 2009

34. árgangur

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags laugardaginn 28. febrúar 2009 kl. 14:00 í Safnahúsinu, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2008.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2008.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2008.
5. Tillögur til ályktunar.
6. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Kaffiveitingar verða í boði. Allir eru velkomnir!

Áríðandi tilkynning – nýr fundarstaður!

Fræðsluerindi HÍN hafa í hartnær sjö áratugi verið haldin í húsnæði Háskóla Íslands. Vegna nýlegra breytinga í gjaldtöku Háskólans fyrir húsnæði undir erindi félagsins sér stjórn HÍN sér ekki annað fært en að flytja fræðsluerindin í annað húsnæði. Frá og með janúar 2009 og þar til annað verður ákveðið verða fræðsluerindi Hins íslenska náttúrufræðifélags haldin í **fyrirlestrarsal Menntaskólans við Sund að Gnoðarvogi 43.**

Fræðsluerindi – nýr fundarstaður

Hinn nýi fundarstaður fyrir fræðsluerindi HÍN er í fyrirlestrarsal Menntaskólans við Sund, en þar er vel búinn fyrirlestrarsalur sem rúmar um 100 manns.

Skólinn er miðsvæðis og þangað er greiðfært með almenningsvögnum og einkabílum. Næg bílastæði eru við skólann og leggja má fyrir framan aðalinnganginn og aftan við skólann.

Erindi HÍN eru haldin síðasta mánudag hvers vetrarmánaðar (desember undanskilinn) og hefjast **kl. 17:15**.

Næstu fræðsluerindi á árinu 2009:

Mánudaginn 26. janúar. **Lífríkiskreppur í Mývatni**. Árni Einarsson.

Mánudaginn 23. febrúar. **Spendýr Ástralíu**. Rannveig Magnúsdóttir.

Mánudaginn 30. mars. **Jurtkenndar plöntur í jarðsögu Íslands**. Friðgeir Grímsson.

Mánudaginn 27. apríl. Erindi tilkynnt síðar.

Nánari upplýsingar um einstök erindi og ágrip þeirra verða send félagsmönnum þegar nær dregur.

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í RÚV. Einnig er upplýsingar að finna á heimasíðu félagsins **www.hin.is**.

Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill!

Lífríkiskreppur í Mývatni

Fræðsluerindi HÍN mánudaginn 26. janúar 2009

Fyrsta fræðsluerindi HÍN eftir áramót verður haldið mánudaginn 26. janúar 2009 í fyrirlestrarsal Menntaskólans við Sund, **Gnoðarvogi 43 og hefst kl. 17:15**.

Það er **dr. Árni Einarsson**, vistfræðingur og forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, sem ríður á vaðið. Erindi Árna ber yfirskriftina „**Lífríkiskreppur í Mývatni**“

Ágrip erindis

Mývatn er einhver lífauðugasti staður á Íslandi. Frjósemi vatnsins er óvenju mikil og má rekja hana til sjaldgæfra jarðfræðilegra aðstæðna. Fylgst hefur verið með vatninu og lífríki þess í aldarþriðjung og hefur komið í ljós að lífríkið er miklum sveiflum undirorpið og eru líkur á að sveiflurnar hafi tekið á sig núverandi mynd um 1970.

Sveiflur í átustofnum hafa nú leitt til þess að bleikjustofn þessa fornfræga veiðivatns stendur ekki lengur undir neinni veiði svo heitið geti. Fuglastofnar vatnsins eru þó enn í góðu lagi.

Sveiflur átustofnanna eru öfgakenndar og er hundraðþúsundfaldur munur á fjölda mýflugna í hámarksárum miðað við lágmarkstímabil, svo dæmi sé tekið. Nýjustu rannsóknir sýna að átustofnarnir hrynja í kjölfar offjölgunar á mýflugulirfum sem ná að éta fæðuna frá afkomendum sínum. Eldri kynslóðir af mýflugulirfum sóa þannig auðlindum afkvæma sinna.

Sveiflungurinn er háður óvenjulegum en þó náttúrulegum lögmálum en sveiflurnar virðast hafa dýpkað vegna þess að straumakerfi vatnsins hefur breyst af manna völdum.